

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/726****2022/EES/10/43****frá 4. maí 2021****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabilin fyrir
virku efnin *Adoxophyes orana*-kyrningaveiru og flútríafól (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (1), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (2) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samþykkistímabilið fyrir virka efnið flútríafól var framlengt frá 31. maí 2021 til 31. maí 2024 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1266 (3) og þar að auki til 31. ágúst 2024 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2020/2007 (4). Samþykkistímabilið fyrir virka efnið *Adoxophyes orana*-kyrningaveiru var framlengt frá 31. janúar 2023 til 31. janúar 2024 með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2007.
- 3) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum sem um er að ræða voru lagðar fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (5). Að því er varðar virku efnin *Adoxophyes orana*-kyrningaveiru og flútríafól hafa umsækjendurnir þó staðfest að þeir styðji ekki lengur umsóknina um endurnýjun á samþykki.
- 4) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 eru framlengingarnar á samþykkistímabilunum fyrir þessi virku efni, sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2007, ekki lengur réttlætanager. Því er rétt að kveða á um að samþykki fyrir *Adoxophyes orana*-kyrningaveiru og flútríafóli falli úr gildi á þeim dagsetningum sem þau hefðu fallið úr gildi án framlengingarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtt. ESB L 155, 5.5.2021, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 342/2021 frá 10. desember 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtt. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtt. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1266 frá 20 september 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-dekanól, 6-bensýladenín, álsúlfat, asadíraktín, búpírímat, karboxín, kletódím, sýkloxýdím, dasómet, díklófóp, díþíanón, dódín, fenasakín, flúómetúrón, flútríafól, hexýþíasox, hýmexasól, indólýlsmjörsýru, ísoxaben, brennisteinskalk, metaldehyð, paklóbutrasól, pensýkúrón, sintófen, táflúvalínat og tebúfenósíð (Stjtt. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 81).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2007 frá 8. desember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-dekanól, 1,4-dímetylnaftalín, 6-bensýladenín, asekinósýl, *Adoxophyes orana*-kyrningaveiru, álsúlfat, amísúlbróm, *Aureobasidium pullulans* (stofnum DSM 14940 og DSM 14941), asadíraktín, *Bacillus pumilus* QST 2808, benalaxýl-M, bixafen, búpírímat, *Candida oleophila* af stofni O, klórantranilípról, dínatríumfosfónat, díþíanón, dódín, emamektín, flúbendíamíð, flúómetúrón, flúxapýroxad, flútríafól, hexýþíasox, ímasamox, ípkónasól, ísoxaben, L-askorbínsýru, brennisteinskalk, appelsínuolíu, *Paecilomyces fumosoroseus* af stofni FE 9901, pendímetalín, penflúfen, penþíópýrað, kalsíumfosfónat, prósuflúrón, *Pseudomonas sp.* af stofni DSMZ 13134, píridalýl, píríófenón, píroxosúlám, kínnarak, S-absísínsýru, sedaxan, sintófen, natríumsílfurþíósúlfat, spínétóram, spírótetramat, *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, táflúvalínat, tebúfenósíð, tembótríón, þíenkarbasón, valífenalat og sinkfosfíð (Stjtt. ESB L 414, 9.12.2020, bls. 10).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtt. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 26, *Adoxophyes orana*-kyrningaveira, kemur „31. janúar 2023“.
 - 2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 353, flútríafól, kemur „31. maí 2021“.
-